

46. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 07.07.2020, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri.

Samþykkt var að gera eftirfarandi breytingar á dagskrá fundarinnar. Í fyrsta lið fellur burt erindi um ljósmyndasamkeppni en í staðinn kemur kynning á „Heilsueflandi samfélag“. Í lið 10 bætast við fundargerðir frá Almannavarnarnefnd Austurlands frá 6.7.2020 og minnisblað frá embætti landlæknis er varða uppskiptingu í sóttvarnarhólf til að takmarka útbreiðslu á COVID-19 á Íslandi.

Dagskrá:

1. Fulltrúi Samfélagnefndar kynnir stöðu vinnu um byggðarkjarna og erindi um ljósmyndasamkeppni
2. Þjónustusamningur um skóla
3. Skrifstofubúnaður
4. Samningur við Orkustofnun
5. Hengifoss og Végarður
6. Umhverfisstyrkir
 - a. Bessastaðir
 - b. Víðivallagerði
7. Niðurfelling opinberra gjalda
8. Styrkvegir 2020
9. Ársreikningar SSA og Austurbrúar 2019
10. Fundargerðir
 - a. Austurbrú - fundur með bæjarstjórum 5. júní 2020
 - b. Stjórnarfundur Árssala 9. júní 2020
 - c. 156 fundargerð Heilbrigðisnefndar Austurlands
 - d. 56. fundur Brunavarna á Austurlandi
 - e. Fundargerð Skólaskrifstofu Austurlands
 - f. Fundargerð Ársala 24 júní 2020
 - g. Fundargerð byggingarnefndar 19 júní og úttektarferð
 - h. Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands 22. Júní
 - i. Fundargerð Sambands Íslenskra sveitarfélaga 12. Júní
 - j. Fundargerð Samfélagssjóðs 8.6.2020

k. Fundargerð kjörstjórnar 21. júní 2020

11. Bréf

- a) Landvernd
- b) Sveitarstjórnarráðherra um fasteignarskatta

12. Skýrsla sveitarstjóra

13. Önnur mál.

1. Fulltrúi Samfélagnefndar kynnrir stöðu vinnu um byggðarkjarna og kynning á „Heilsueflandi samfélagi“

Ásdís Helga verkefnisstjóri kynnti fyrir sveitarstjórn vinnu sem hún hefur farið í varðandi staðsetningu á byggðarkjarna. Af þeim stöðum sem valdir voru í upphafi eru eftirtaldir 3 staðir taldir álitlegastir:

- Brekkugetiðshús (Húsatangi)
- Hjarðarból (út við Hölná)
- Vallholt (Skógarbalinn)

Þetta eru aðrir staðir en upphaflega voru valdir af TGJ ráðgjöf og skoruðu hæðst samkvæmt þeirra einkunargjöf. Sveitarstjórn er sammála um að þessir 3 staðir verðir skoðaðir nánar og TGJ ráðgjöf vinni þá vinnu.

Ásdís Helga verkefnisstjóri kynnti einnig verkefnið „Heilsueflandi samfélag“ sem er á vegum landlæknisembættisins og hvatti hún til að Fljótsdalshreppur verði þátttakandi. Samþykkt að vísa erindinu til samfélagsnefndar til umfjöllunar.

2. Þjónustusamningur um skóla

Þjónustusamningur milli Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs um að annast leik-, grunn- og tónlistaskólastarf fyrir nemendur sem eiga lögheimili í Fljótsdalshrepp, samkvæmt viðeigandi lögum, reglugerðum og aðalnámsskrám. Þannig að nemendur í Fljótsdalshreppi eigi rétt á skólavist á sömu forsendum og nemendur á Fljótsdalshéraði. Sveitarstjórn samþykkir samninginn með fyrirvara um að þóknun vegna stjórnarsýsluverkefna grunnskólabarna verði 5%. Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn sem gildir til 31. júlí 2025.

3. Skrifstofubúnaður

Sveitarstjóri hefur látið gera kostnaðaráætlun vegna endurnýjunar á tölvu, prentara og öðrum skrifstofubúnaði. Samþykkt að endurnýja skrifstofubúnaðinn og sveitarstjóra falið að annast það. Áætlaður kostnaður er allt að 1 milljón, sem verður mætt með lækkun á handbæru fé og gerður viðauki við fjárhagsáætlun ársins.

4. Samningur við Orkustofnun

Samningur um styrkveitingu við Orkusjóð vegna tilraunaverkefnis um viðarperlukyndingu í Végarði að upphæð kr.3.375.000.- staðfestur.

5. Hengifoss og Végarður

Vegna anna hefur nýráðin sveitarstjóri ekki tíma til að sinna öllum þeim verkefnum er varða Hengifoss og uppbygginguna þar. Nauðsynlegt er að ná vel utan um alla þætti sem snúa að Hengifossmálum s.s. áformum við friðlýsingu, framkvæmdum við stíga og þjónustubyggingu og í samráði landeigendur/ábúendur og aðra hagsmunaaðila. Oddvita og sveitarstjóra falið að skoða hvaða möguleikar eru í stöðunni.

Komið hafa upp hugmyndir um að þeir sem fengu styrk úr samfélagssjóði Fljótsdalshrepps geti hist og unnið að sýnum verkefnum í Végarði ásamt öðrum íbúum hreppsins. Sveitarstjórn tekur jákvætt í þessar hugmyndir. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

6. Umhverfisstyrkir

a) Bessastaðir

Samþykktur hámarksstyrkur.

b) Víðivallagerði

Samþykktur hámarksstyrkur.

7. Niðurfelling opinberra gjalda

Varðar afskriftarreikning opinberra gjalda að upphæð 136.365 kr. Samþykkt.

8. Styrkvegir 2020

Sveitarfélagið fékk úthlutað 1.500.000 kr. úr styrkvegasjóði. Fénu verður varið í lagfæringar á vegslóða inn suðurdal, Múla megin. Sveitarstjóra falið að skrifa undir samning við Vegagerðina.

9. Ársreikningur SSA

Ársreikningur kynntur

10. Fundargerðir

a) Austurbrú - fundur með bæjarstjórum 5. júní 2020

Kynnt.

b) Stjórnarfundur Árssala 9. júní 2020

Kynnt.

c) 156. fundargerð Heilbrigðisnefndar Austurlands

Kynnt.

d) 56. fundur Brunavarna á Austurlandi

Kynnt.

e) Fundargerð Skólaskrifstofu Austurlands

Kynnt.

f) Fundargerð Ársala 24 júní 2020

Kynnt.

g) Fundargerð byggingarnefndar 19 júní og úttektarferð

Fundargerð kynnt. Varðandi úttektarferð í lið 3. um úttektarferð í gistiheimilið við Végarð, sem byggingarfulltrúi fór ásamt varaslökkviliðsstjóra frá Brunavörnum Austurlands 18. júní sl. Sveitarstjórn tekur undir með Byggingar- og skipulagsnefnd og mælir með því að leita eftir ráðleggingum hjá brunahönnuði um viðbrögð við athugasemdum Brunavarna og útfærslu á fullnægjandi úrbótum á veggklæðningu í matsal gistihússins. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu úr vör.

h) Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands 22. Júní

Kynnt.

i) Fundargerð Sambands Íslenskra sveitarfélaga 12. Júní

Kynnt.

j) Fundargerð Samfélagssjóðs 8.6.2020

Kynnt.

k) Fundargerð kjörstjórnar 21. júní 2020

Kynnt.

l) Fundargerð frá Almannavarnarnefnd Austurlands frá 6.7.2020

Kynnt.

m) Minnisblað frá embætti landlæknis

Kynnt.

11. Bréf

a) Landvernd

Kynnt.

b) Sveitarstjórnarráðherra um fasteignarskatta

Varðar hvatningu sveitarstjórnarráðherra til sveitarfélaga um að hækka ekki fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði umfram verðlagsbreytingar. Kynnt.

12. Skýrsla sveitarstjóra

Tími sveitarstjóra hefur að mestu farið í að kynna sér rekstur sveitarfélagsins og málaflokka.

Verkstaðan á utanhúsklæðningu Végarðs er komin vel á veg. Búið er að klæða vestur gafi en vantar þéttiull til að klára verkið allt. Húsameistari áætla að ljúka verkinu í lok næstu viku.

Sveitarstjórnarráðuneytinu hefur verið svarað um breytingar á rekstri v. covid.

Sorp og förgun úrgangs. Lagt til að fengin verði kynning sérfræðinga á þessum málum.

Erindi hefur komið frá sveitarstjórnarráðuneytinu um hvort sveitarfélagið hefði umhverfis-og loftslagsstefnu. Flest gögn liggja fyrir til að búa til stefnu um þessi mál m.a. skýrsla Lárusar Heiðarssonar um losun og bindingu CO₂ í sveitarfélaginu, þar sem m.a. kemur fram að bindingin er meiri en losunin. Á grunni hennar má auðveldlega gera loftslagsstefnu fyrir sveitarfélagið.

13. Önnur mál.

Kynnt var bréf frá ríkisskattstjóra er varðar endurgreiðslu virðisaukaskatts. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

Kynnt bréf frá sambandi íslenskra sveitarfélaga er varðar verkefni á sviði félagsþjónustu og upplýsingar um stöðu mála.

Kynnt bréf frá sambandi íslenskra sveitarfélaga er varða forsendur fjárhagsáætlana 2021-2024.

Sveitarstjóra falið að fylgja eftir að nöfnunum á Fljótsdalsgrund, Snæfellsstofu og hugsanlega fleiri stöðum verði komið til þjóðskrár.

Anna Jóna spurði hvort búið væri að leggja á heimreiðar eins og samþykkt var að gera og gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Staðfest er að búið er að leggja á kaflann frá Víðivöllum I að Víðivöllum fremri.

Gunnþórunn spurðist fyrir um hvað væri að fréttu af fyrirætlunum stjórnar BFF, sem fram komu á fundi stjórnarinnar með sveitarstjórn í marsmánuði, um að halda fund til að ræða skemmubyggingu við félagsmenn.

Í lok fundar fóru fram umræður um grenjavinnslumál.

Fundi slitið klukkan 18:50

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Jóhann F. Þórhallsson

Anna Jóna Ármannsdóttir

Eiríkur Kjerúlf

Lárus Heiðarsson

Gunnþórunn Ingólfisdóttir